

Það er stórt skref fyrir alla stjörnuáhugamenn að kaupa stjörnusjónauka og nauðsynlegt að vanda valið. Sjónaukar koma í öllum stærðum og gerðum og því þarf hver og einn að finna út hvaða tegund hentar honum eða henni best út frá verði, stærð og hvaða fyrirbæri á helst að skoða með sjónaukanum. Fjöldmörg hugtök eru notuð um sjónauka sem vefjast án efa fyrir áhugamönnum en með þessari grein viljum við auðvelda þér valið. Gott er að byrja á að lesa sér til í greininni [Hvernig á að velja stjörnusjónauka?](#) á [Stjörnufræðivefnum](#) .

Mestu meðmæli



Fyrir byrjandann

[SkyWatcher Skyliner-150P Dobson](#)

Verð kr.: 89.900,-

[Skoða betur](#) |

[Senda fyrirspurn](#)

Bestu kaupin



[Skrifaðu þessu 23.900,-](#) [m spegilsjónauki](#) [Senda fyrirspurn](#)



[Skrifaðu þessu 10.900,-](#) [Orion 114 SLT](#) [Senda fyrirspurn](#)



[Skrifaðu þessu 23.900,-](#) [Orion 114 SLT](#) [Senda fyrirspurn](#)

Við bjóðum upp á hágæða stjörnusjónauka frá [William Optics](#) , [Orion](#) og [Celestron](#) , í öllum

verðflokkum.



[William Optics](#) [Celestron](#) [SkyWatcher](#)

Hollráð fyrir val á stjörnusjónauka

Við viljum að þú eignist sjónauka sem er hentur þér og þínum þörfum sem best. Þess vegna er gott að hafa eftirfarandi hollráð í huga:

- 1. Ljósopið skiptir mestu máli í stjörnuskoðun** - Ef þú ætlar aðeins að nota sjónaukann í stjörnuskoðun skiptir mestu máli að ljósopið sé sem stærst. Fjárfestu í eins stórum stjörnusjónauka og þú ræður við.
- 2. Sjónaukinn þarf að vera einfaldur í notkun** - Það er lítið vit í að eignast sjónauka sem er svo flókinn í notkun að maður nennir ekki að nota hann. Þess vegna mælum við með því að þú eignist sjónauka sem er bæði meðfærilegur og einfaldur í notkun.
- 3. Fylgihlutir skipta miklu máli** - Þótt flestum sjónaukum fylgi allt sem þarf til þess að hefja stjörnuskoðun er mikilvægt að eignast góða fylgihluti. Góðir fylgihlutir gera nefnilega góðan stjörnusjónauka enn betri. Fjárfestu í það minnsta í einu augngleri til viðbótar við þau sem fylgdu sjónaukanum.
- 4. Ekki velta stjörnuljósmyndun fyrir þér... strax** - Marga dreymir um að taka stjörnuljósmyndir með nýja sjónaukanum sínum sem er auðvitað bara eðlilegt. Við mælum aftur á móti með að þú lærir fyrst á stjörnuhiminninn með sjónaukanum þínum áður en þú ræðst í stjörnuljósmyndun og notir hann til þess að sýna þér öll þau stórkostlegu fyrirbæri sem

himinninn hefur upp á að bjóða. Það sakar þó auðvitað aldrei að reyna.

5. Skráðu þig á námskeið Stjörnuskoðunarfélagsins og Stjörnufræðivefsins - Gagnlegasta aðferðin til að læra á stjörnusjónaukann þinn er að [skrá sig á námskeið sem Stjörnuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn](#) standa fyrir á haustinn og eftir jól ár hvert. Á námskeiðinu er farið í öll helstu atriði í sambandi við stjörnusjónauka og stjörnuskoðun og gefst fólki kostur á að læra á eigin búnað. Námskeiðin eru vægast sagt mjög gagnleg og þar gefst þér kostur á að komast í samband við reynda stjörnuáhugamenn sem geta leiðbeint þér eins og kostur er.